

TILLAGA

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af kirkjuráði
Frsm. Gísli Gunnarsson

1. gr.

1. mgr. 23. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prestur nýtur arðs af hlunnindatekjum prestsseturs, öðrum en tekjum af veiði í ám og vötnum. Presti skal greidd þóknun fyrir gæslu veiðihlunninda kirkjumálasjóðs sem nemur fjórum einingum á mánuði eins og hver eining var ákvörðuð prestum af kjararáði 17. desember 2017. Fjárhæð eininganna tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Ekki skal þó greiða hærri þóknun en sem nemur hlunnindatekjum viðkomandi prestsseturs.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð:

Á kirkjuþingi 2015 kom fram tillaga um að undanskilja ávallt veiðihlunnindi frá prestssetri þegar embætti, sem prestssetur fylgir, er auglýst laust til umsóknar.

Tillagan var ekki samþykkt, en afgreidd með þeim hætti að kirkjuráði var falið að skipa þriggja manna starfshóp til að kanna málið og hafa til hliðsjónar þær skýrslur sem unnar höfðu verið um eignir kirkjunnar undanfarin ár.

Þar sem starfshópurinn skilaði ekki af sér niðurstöðu í málinu, ákvað kirkjuráð að fela kirkjustarfs- og fasteignahópi að koma með tillögu og er það sú tillaga sem hér kemur fram.

Á undanförunum árum hafa veiðihlunnindin verið undanskilin meðan þetta mál er til athugunar og er brýnt að niðurstaða fáiast í því.

Rétt þykir að sá sem ber ábyrgð á prestssetursjörðinni og þeim hlunnindum sem henni fylgja fái þóknun fyrir að gæta hagsmuna kirkjumálasjóðs. Þóknunin verði miðuð við einingar sem prestum voru ákvarðaðar af kjararáði 17. desember 2017 en við þá ákvörðun var hver eining metin sem 1% af launaflokki 502-136 sem voru 9.572 krónur.